

Mál nr. 296/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna.

Orsakatengsl vegna hnémeiðsla og tjónsatviks 17.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.9. 2017 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4.10.2017

Málsatvik.

M segist hafa verið við vinnu sína um borð í skipinu X 17.3.2013 þegar hann rann til og marðist á hægri hné. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V og segir að þrátt fyrir það að hann hafi ekki leitað til læknis strax eftir atburðinn þá sé hann skráður í slysaskráningarkerfi sem hafi verið samstarfsverkefni vátryggingataka og V og áverka M, sé lýst þar. V hafnar bótaskyldu og segir atvikinu lýst þannig að M hafi reynt að losa kassa sem voru fastir á færibaldi og M síðan kippt í band sem hafi slitnað og hnéð farið niður á færibaldið og hann strax hafa fundið til í hnénu. V segir að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna í hægri hnénu meira en tveimur og hálfu ári eftir atburðinn. V segir að í læknisvottorði sé einnig talað um slitbreytingar í hnénu, stirðleiki og álagstengdir verkir og hvergi getið að þessir verkir verði raktir til atviksins 17.3.2013. V bendir á að engin samtímagögn liggi fyrir um slys M og atvikið hafi ekki verið skráð í skipsdagbók.

Álit.

M segist hafa lent í slysi hinn 17.3.2013 svo sem hann lýsir í málsskoti og fyrirliggjandi tjónstilkynningum til V og Sjúkratrygginga Íslands, en þær tilkynningar eru allar frá árinu 2016. M leitaði ekki til læknis vegna atviksins 17.3.2013 fyrr en rúmum tveim árum eftir að það varð. Miðað við fyrirliggjandi læknisvottorð og önnur gögn málsins verður því ekki slegið föstu eða leiddar líkur að því, að orsakasamband sé á milli þeirra meiðsla sem eru að hrjá M í dag og þess atburðar sem hann lýsir að hafi orðið 17.3.2013. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 31.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.